



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. s: 464-4163 f. 464-4363, netf. sveitarstjorn@myv.is

Fundargerð Veitnanefndar 7. fundur

Fundur að Hlíðavegi 6, 12. maí 2009 kl. 10:00

Mættir: Kristján Steingrímsson, Lárus Björnsson, Þorgeir Gunnarsson og Jón Óskar Ferdinandsson. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning.

Formaður setti fund.

2. Erindi frá Héðni Sverrissyni.

Erindi frá Héðni Sverrissyni þar sem óskað er eftir tengingu við hitaveitu fyrir smáhýsi við Geiteyjarströnd 1. Bréfið barst í fyrra en áður en kom að því að taka það fyrir ákvað Héðinn að fresta framkvæmdum.

Veitnanefnd leggur til að orðið verði við erindinu og að forstöðumanni veitna verði falið að finna hagkvæmstu lausnina á því.

3. Endurnýjun veitna.

Samkvæmt framkvæmdaáætlun er fyrirhugað að halda áfram að endurnýja veitulagnir, áfangi 3, í samræmi við áfangaskýrslu 1, frá Fjarhitun. Sú spurning hefur vaknað hvort að frekar þurfi að endurnýnja lagnir í Skútustaði eða Grímstaði frekar en stofnlögnina frá Bjarnarflagi. Veitnanefnd frestar að taka afstöðu til þess þar til frekari upplýsingar liggja fyrir frá Fjarhitun.

4. Önnur mál.

Veitnanefnd lýsir áhyggjum sínum yfir því að enn skuli ekki lokið svokallaðri hitaveituedeilu á milli eigenda Voga annars vegar og sveitarfélagsins hins vegar. Nefnd hafi á sínum tíma verið skipuð til að leita leiða til lausnar málsins en enn virðist ekki sjá til lands í því. Hverju sætir?

Fleira ekki gert,
fundi slitið

Kristján Steingrímsson,
Lárus Björnsson,
Þorgeir Gunnarsson.